

Hönnun hf  
Axel Valur Birgisson  
Síðumúla 1  
108 Reykjavík

2002110006  
1000; 9310

Reykjavík, 9. desember 2002  
/--

### **Efni: Vatnsendavegur, tengibraut í Vatnsendahverfi í Kópavogi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Hönnunar hf. dags. 5. nóvember 2002 fyrir hönd Kópavogsbæjar þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um Vatnsendaveg, tengibraut í Vatnsendahverfi í Kópavogi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðisins, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 28. október 2002, Garðabæ með bréfi dags. 13. nóvember 2002, Reykjavíkurborg með tölvubréfi þann 9. desember 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. nóvember 2002, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðisins með bréfi dags. 18. nóvember 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 26. nóvember 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 14. nóvember 2002.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 25. nóvember og 2. desember 2002 og tölvubréfi dags. 9. desember 2002.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða lagningu tengibrautar, Vatnsendavegar, frá Arnarnesvegi að tengibraut um Hörðuvelli í Kópavogi. Vatnsendavegur er tengibraut með tveimur akreinum, samtals um 7,5 m á breidd. Fram kemur að lengd brautarinnar sé um 2.500 m og að fyrirhugað sé að skipta framkvæmdum við hana í þrjá áfanga. Fyrsti áfangi nái frá Vatnsendahvarfi að Elliðahvamsvegi (1.100 m), annar

áfangi frá Elliðahvammssvegi að tengibraut um Hörðuvelli (900 m) og þriðji áfangi frá Vatnsendahvarfi að Arnarnesvegi (500 m). Fram kemur að fyrsti áfangi komi strax til framkvæmda, annar áfangi samfara uppbyggingu íbúðarbyggðar við Hörðuvelli en þriðji áfangi ráðist af uppbyggingu Arnarnesvegar, en tímaáætlun framkvæmda við Arnarnesveg frá Salavegi að Breiðholtsbraut liggja ekki fyrir. Fram kemur að áætluð umferð um Vatnsendaveg verði 10.000 bílar á sólarhring þegar til lengri tíma sé litið, þ.e. miðað við fullbyggt Vatnsendahverfi.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdinni fylgi gerð hljóðmana meðfram Vatnsendavegi á þeim hluta brautarinnar sem liggja að íbúðarbyggð. Hljóðmanirnar verði gerðar úr jarðvegi og sé áætluð hæð þeirra um 2-3 m. Fram kemur að afrennsli af Vatnsendavegi verði annars vegar leitt í settjörn við Elliðavatnsstíflu og hins vegar tengt núverandi regnvatnslögnum í Salahverfi.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áætluð efnispörf vegna framkvæmdanna sé um 62.000 m<sup>3</sup>, en gert sé ráð fyrir að þar af muni nýttir 28.000 m<sup>3</sup> af efni sem til falli við gröft úr vegstæði en 34.000 m<sup>3</sup> verði fengnir úr efnistöðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Efnistöðustaðir sem til greina komi séu t.d. Bolalda við Sandskeið, Vatnsskarðsnáma á Reykjanesi, Undirhlíðar við Bláfjallaveg eða efni tekið úr sjó frá Björgun. Gert er ráð fyrir að umframefni sem falli til við gröft verði um 39.000 m<sup>3</sup>, en hluti þess verði nýttur til gerðar hljóðmana en afgangurinn haugsettur í Leirdal.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að tengja byggð í landi Vatnsenda við stofnbrautirnar Arnarnesveg og Breiðholtsbraut og tengibraut um Hörðuvelli.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt**

Í umsögnum Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Náttúruverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að meta beri umhverfisáhrif Vatnsendavegar.

Í umsögn Garðabæjar kemur fram að bæjarráð Garðabæjar taki ekki afstöðu til matsskyldu framkvæmdarinnar.

### **Áhrif á lífríki**

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að kanna beri áhrif þess að setja hitaveituvatn í settjarnir eins og áætlað sé á Vatnsendasvæði. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hverjar aðstæður séu til þess að veita hluta afrennslisvatns af Vatnsendavegi og hverfinu í kring til sjávar í Kópavogi. Bent er á að leirur í Kópavogi og Elliðaárdalur séu á náttúruminjasrá og að hluti fyrirhugaðrar framkvæmdar sé innan vatnsverndarsvæðis. Fram kemur að Hollustuvernd ríkisins telji að ekki sé fyrirséð hvaða áhrif fyrirhuguð tilhögun á afrennsli frá framkvæmdasvæðinu geti haft á lífríki Elliðaáa og Kópavogs. Hvað varðar lagningu Vatnsendavegar gefi fyrirliggjandi upplýsingar að mati stofnunarinnar ekki fullnægjandi

upplýsingar um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Hollustuvernd ríkisins telji eðlilegt að verði umhverfisáhrif framkvæmdarinnar metin verði fjallað heildstætt um uppbyggingu alls svæðisins umhverfis Vatnsendaveg og samlegðaráhrif þeirra á umhverfið.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar sé ljóst að ekki verði umtalsverð umhverfisáhrif af framkvæmdinni. Engar mikilvægar náttúruminjar né tegundir á válista séu í húfi á svæðinu og uppi séu áform um aðgerðir til mótvægis við aukna mengunarhættu sökum yfirborðsafrennslis í Elliðavatn og Elliðaá.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram vegna ábendingar um hugsanleg áhrif af settjörn við Elliðavatnsstíflu á lífríki að veiðimálastjóri hafi þegar fallist á gerð slíkrar tjarnar að uppfylltum vissum skilyrðum og telji gerð hennar jákvæða. Varðandi áhrif af förgun ofanvatns af Vatnsendavegi í Kópavog bendir framkvæmdaraðili á að þangað fari nú þegar ofanvatn frá um 14.500 íbúum auk iðnaðarhverfa af samtals 611 hektara afrennslissvæði. Þegar öll hverfi verði fullbyggð verði ofanvatn frá tæplega 20.000 íbúa byggð auk iðnaðarhverfa af samtals 711 hektara afrennslissvæði leitt í Kópavoginn. Stærð afrennslissvæðis þess hluta Vatnsendavegar sem mun fara til sjávar í Kópavoginn verði um 1 hektari að stærð og sé því einungis um að ræða brot af heildarafrennslinu. Þá er bent á að í Kópavogslæk við Hafnarfjarðarveg sé settjörn og fyrirhugað sé að byggja settjarnir í Kópavogsdal til frekari hreinsunar á ofanvatni. Bent er á að einungis sé hér átt við umhverfisáhrif lagningar Vatnsendavegar enda sé sú framkvæmd til umfjöllunar en ekki önnur uppbygging í Vatnsendahverfi. Fram kemur að með þessum ráðstöfunum sé talið að umhverfisáhrif lagningar Vatnsendavegar á lífríki Elliðaánna og Kópavogs sé haldið í algjöru lágmarki. Þá vísar framkvæmdaraðili til umsagnar Náttúruverndar ríkisins, þar sem fram komi að m.t.t. umfangs, eðlis og staðsetningar sé ljóst að ekki verði umtalsverð umhverfisáhrif af lagningu Vatnsendavegar.

## Hljóðmengun

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að ekki sé reiknað hljóðstig við útvegg húsa sem eiga að standa næst hringtorgum. Af mynd í framlögðum gögnum megi ráða að þau hús verði ekki í skjóli hljóðmana. Ekki liggja fyrir hver samanlögð áhrif af hávaða frá húsagötum og hávaða frá umferð um Vatnsendaveg verði. Bent er á að áætlaðar mótvægisaðgerðir séu óljósar en illásætthanlegt sé að við frumhönnun nýs hverfis og vegar liggja ekki fyrir útfærðar mótvægisaðgerðir til að tryggja viðunandi hljóðstig við útvegg. Að teknu tilliti til þessa telji Hollustuvernd ríkisins að ekki liggja fyrir vísu um að mótvægisaðgerðir tryggi viðunandi hljóðvist miðað við núverandi áætlanir um uppbyggingu svæðisins. Þá er því beint til framkvæmdaraðila að stefna beri að því að halda hljóðstigi innan við 45 dB(A), sem sé leiðbeiningargildi fyrir íbúðarbyggð. Bent er á að við umfjöllun um hljóðstig skipti máli hvort húsgarðar snúi að götu eða séu í skjóli fyrir umferð.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er túlkun framkvæmdaraðila á efni reglugerðar um hávaða nr. 933/1999 mótmælt þar sem í framlögðum gögnum komi fram að krafa reglugerðar sé að hljóðstig við íbúðarhús í nágrenni vegarins verði innan við 55 dB(A) í stað þess að leggja 45 dB(A) til grundvallar. Vísað er til fyrrgreindrar reglugerðar og bent á að greinilegt sé að markmið reglugerðarinnar sé að við hönnun gatna s.s. tengibrautar á

borð við Vatnsendaveg, sem er utan núverandi byggðar, eigi hönnun að hafa leiðbeiningargildi sem viðmiðun. Þá er vakin athygli á að ekki komi fram í framlögðum gögnum með skýrum hætti við hvaða hávaðamörk verði miðað við endanlega hönnun vegarins.

Í umsögn Kópavogsbæjar er bent á að umferðarhávaði sé líklegastur til að valda neikvæðum umhverfisáhrifum, en gerðar verði hljóðmanir meðfram þeim hluta götunnar sem liggur að íbúðarbyggð þannig að hljóðstig verði undir viðmiðunarmörkum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við endanlega hönnun muni vegurinn liggja lægra en gert var ráð fyrir við hljóðstigsútreikninga. Þetta muni leiða til lægra hljóðstigs eða til þess að hægt verði að lækka hljóðmanir. Bent er á að við hljóðstigsútreikninga miðist útreikningar við ystu mörk byggingarreits næst veginum en ekki við húshlið, en alls óvíst sé að hús muni ná þangað. Því megi leiða líkur að því að reiknað hljóðstig sé hærra en það verður í raun og veru. Við útreikningana sé miðað við miðjar hliðar húsa sem að veginum snúa, en við aðrar hliðar húsa sé hljóðstig betra þar sem hús séu þá farin að skerma. Hvað varðar hávaða frá húsagötum þá sé það ljóst að vegna hægari og minni umferðar verði hljóðstig lægra en frá aðalveginum. Framkvæmdaraðili muni leggja áherslu á að draga úr hávaða og móta sín úrræði jafnhliða endanlegri hönnun gatna og umhverfi hringtorga og annarra gatnamóta. Í svörum við athugasemdum við viðmiðanir um hávaða á framkvæmdasvæði vísar framkvæmdaraðili til reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Bent er á að skilyrðið sem reglugerðin setji sé 55 dB(A) en ákjósanlegt sé að ná gildinu 45 dB(A). Á meðan ekki sé fastar að orði kveðið í reglugerðinni sé ljóst að viðmiðunargildið sé það gildi sem krafist sé en önnur gildi séu tilmæli sem stefnt sé að og einungis uppfyllt sé þess nokkur kostur. Þó muni framkvæmdaraðili leggja áherslu á að dregið verði sem mest úr hljóðstigi frá veginum við nærliggjandi hús með gerð hljóðmana. Einnig sé hægt að grípa til byggingartæknilegra úrræða til viðbótar við hljóðmanir. Bent er á að leiðbeiningargildi, 45 dB(A), muni verða uppfyllt í yfir 90% byggðarinnar við Vatnsendaveg, hærra hljóðstig verði einungis við þau hús sem standa muni næst veginum.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða lagningu 2.500 m langrar tengibrautar, Vatnsendavegar, frá Arnarnesvegi að tengibraut um Hörðuvelli í Kópavogi. Vatnsendavegur er tengibraut með tveimur akreinum, samtals um 7,5 m á breidd. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fram hafa komið ábendingar í umsögnum um hugsanleg áhrif framkvæmda í Vatnsendahverfi á lífríki, þ.e. vegna förgunar afrennslisvatns í settjarnir og til sjávar í Kópavogi. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að eingöngu séu til umfjöllunar umhverfisáhrif lagningar Vatnsendavegar en ekki annarrar uppbyggingar í Vatnsendahverfi. Stærð afrennslissvæðis þess hluta Vatnsendavegar sem muni fara til sjávar í Kópavog verði samkvæmt framlögðum gögnum um 1 hektari að stærð og sé því lítil hluti heildarafrennslis. Í umsögn Náttúruverndar ríkisins hefur komið fram að ljóst sé að ekki verði umtalsverð áhrif á umhverfið af framkvæmdinni. Skipulagsstofnun telur í ljósi þessa ekki líkur á að framkvæmdir við Vatnsendaveg geti haft umtalsverð áhrif í för með sér á lífríki Elliðaáa og Kópavogs.

Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna framkvæmdaraðila og umsagna að helstu

umhverfisáhrif af völdum framkvæmdar verði vegna hávaða í fyrirhugaðri íbúðarbyggð. Fram hefur komið í gögnum framkvæmdaraðila að uppfylltar verði kröfur reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og kynntar hugmyndir að útfærslu hljóðmana til að það náist að gefnum ákveðnum forsendum. Þá kemur fram að áhersla sé lögð á að úrræði til lágmörkunar hávaða verði mótuð jafnhliða endanlegri hönnun gatnanna. Skipulagsstofnun bendir á að við hringtorg og gönguleiðatengsl, þar sem rjúfa þarf samfellu hljóðmana, þurfi að gæta þess sérstaklega við hönnun hljóðmana að hljóðstig fari hvergi upp fyrir mörk skv. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Stofnunin telur hávaða frá húsagötum í nágrenni Vatnsendavegar ekki líklegan til að hafa merkjanleg áhrif á hljóðstig við Vatnsendaveg þar sem umferð verði þar verulega minni og hægari, en samlegðaráhrif einnar hljóðuppsprettu á aðra hærri séu óveruleg ef verulegur munur er á hávaðastigi, sem ætla má að sé við þessar aðstæður. Stofnunin bendir hins vegar á að umferðaráhrif frá áfanga 3 getur haft áhrif á íbúðarbyggð í næsta nágrenni s.s. við Álfkonuhvarf og jafnframt að áætla þarf hljóðstig frá þessum kafla brautarinnar áður en veitt verði byggingarleyfi fyrir hús á atvinnusvæðinu í Vatnsendahvarfi, til að tryggj sé að kröfum um hljóðvist innanhúss [á hávaðalítlum vinnustöðum] verði fullnægt. Skipulagsstofnun bendir ennfremur á nauðsyn þess að farið verði að ákvæðum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Þannig verði leitast við að uppfylla leiðbeiningarmörk samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar og tryggj að hávaði verði undir viðmiðunarmörkum. Stofnunin bendir á að þar sem hvorki sé hafin lagning vega né bygging íbúðarhúsnæðis á svæðinu séu allar forsendur til að tryggja fullnægjandi hljóðvist í fyrirhugaðri íbúðarbyggð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Vatnsendavegur, tengibraut frá Arnarnesvegi að tengibraut um Hörðuvelli í Kópavogi, sé ekki líklegur til að geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umrædd framkvæmd er í samræmi við gildandi aðalskipulag Kópavogs og er 1 og 3 áfangi í samræmi við gildandi deiliskipulag. Áður en til framkvæmda kemur við 2. áfanga þarf að liggja fyrir deiliskipulag þess svæðis. Í viðauka A er tafla yfir hljóðstigsútreikninga. Þar kemur fram að líklega þurfi að gera ráðstafanir umfram þær sem tilgreindar eru í gildandi deiliskipulagi til að tryggja að hljóðvist verði innan viðmiðunarmarka á nokkrum íbúðarlóðum. Bent er á að þessar ráðstafanir geta kallað á breytingu á deiliskipulagi. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Kópavogsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. janúar 2003.

Afrit:

Umhverfisráðuneytið, Kópavogsbær, Garðabær, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðisins, Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins.